

# Endurheimt birkivistkerfa–áskoranir, leiðir og ávinningur (BirkiVist)

Ása L. Aradóttir<sup>1</sup>, Kristín Svavarsdóttir<sup>2</sup>, Þóra Ellen Þórhallsdóttir<sup>3</sup>, Anna Mariager Behrend<sup>1</sup>, Arnór Snorrason<sup>4</sup>, Björn Traustason<sup>4</sup>, Edda Sigurdís Oddsdóttir<sup>4</sup>, Guðbjörg Jóhannesdóttir<sup>5</sup>, Jóhann Þórsson<sup>2</sup>, Jónína Sigríður Þorláksdóttir<sup>1</sup>, Ólafur Arnalds<sup>1</sup>, Snæbjörn Pálsson<sup>3</sup>, Sólveig Sanchez<sup>1</sup> og Þórunn Wolfram Pétursdóttir<sup>2</sup>

1. Landbúnaðarháskóla Íslands, 2. Landgræðslunni, 3. Háskóla Íslands, 4. Skógræktinni, 5. Listaháskóla Íslands

Sameinuðu þjóðirnar hafa tileinkað áratuginn 2021-2030 endurheimt vistkerfa til að bregðast við stórfelldri hnignun náttúrulegra vistkerfa, tapi á líffræðilegri fjölbreytni og loftslagsvá. Röskuð og hnignuð vistkerfi eru útbreidd á Íslandi og losun frá þeim stærsti þátturinn í loftslagsbókhaldi landsins. Við endurheimt raskaðra vistkerfa verður binding í stað losunar, sem stuðlar að markmiðum um kolefnishlutleysi og styður skuldbindingar Íslands gagnvart Parísar-samkomulaginu.

Birkiskógar eru lykilvistkerfi í íslensku náttúru. Núverandi útbreiðsla birkiskóga er aðeins brot af því sem áður var en dæmi um náttúrulegt landnám birkis má nú finna í öllum landshlutum. Með því að nýta hæfileika birkisins til sjálfgæðslu er hægt að ýta undir aukna útbreiðslu þess með litlum inngrípum. Endurheimt birkivistkerfa er mikilvægur þáttur í vernd líffræðilegrar fjölbreytni og getur jafnframt bundið mikið magn kolefnis úr andrúmslofti.

BirkiVist er þverfræðilegt rannsóknarverkefni sem hefur þann tilgang að skapa tækifæri og auka skilvirkni við endurheimt birkiskóga á landsvísu. Verkefnið er styrkt af *Markáætlun um samfélagslegar áskoranir*.



Í verkefninu eru rannsakaðir þættir sem takmarka sjálfgæðslu birkis og útbreiðslu birkivistkerfa og ætlunin er að þróa ýmis líkön sem nýtast við áætlanagerð og undirbúning vistheimtaraðgerða. Kannað er hvernig samfélagslegir þættir hvetja eða letja endurheimt, auk þess sem metin eru ávinningur og afleiðingar endurheimtarinnar fyrir kolefnisbindingu, vatnsbúskap, líffræðilega fjölbreytni, sjónræn landslagsáhrif og fagurferði, að ógleymdri þýðingu birkis í listum og menningu.

Verkefnið er unnið af fjölbreyttum hópi sérfræðinga frá mörgum stofnunum sem leggja til ólíka sérþekkingu og gagnagrunna; m.a. frá þremur háskólum og mismunandi fagstofnunum á sviði umhverfismála, í samstarfi við sprotafyrirtæki og félagasamtök. Mikil áhersla er lögð á aðkomu og þjálfun ungra vísindamanna í verkefninu, þar á meðal nokkurra doktors- og meistaranema.